

Fundargerð 161. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 04. nóvember 2020, kl. 12.00, haldin á Teams fjarfundarbúnaði.

Mættir: Steinunn Sigvaldadóttir, stjórnarformaður,
Ísak Ernir Kristinsson stjórnarmaður,
Reynir Sævarsson, stjórnarmaður,
Einar Jón Pálsson, stjórnarmaður,
Hrafn Hlynsson, varamaður,
Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri
Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri sem jafnframt ritaði fundargerð.
Elín Árnadóttir, stjórnarmaður boðaði forföll.

Guðmundur Kristján Jónsson, verkefnastjóri og Gréta Björg Blængsdóttir, fjármálastjóri sátu fundinn undir lið 1-4.

Max Hirsh, ráðgjafi kom inn á fund stjórnar undir lið nr. 5.

Theodóra Þorsteinsdóttir, Isavia kom inn á fund stjórnar undir lið nr. 8.

1. *Fundargerð síðasta fundar.*

Borinn upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Kynning á nýju starfsfólki.*

Framkvæmdarstjóri kynnti nýtt starfsfólk Kadeco, Guðmund Kristján og Grétu Björg, sem komu inn á fund stjórnar.

Stjórn bauð þau velkomin til starfa.

3. *Rekstarrupplýsingar.*

Framkvæmdastjóri fór yfir rekstartölur. Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

4. *Ráðgjafar Kadeco*

Framkvæmdastjóri kynnti Guðmund sem tók við og kynnti fyrir stjórn hlutverk ráðgjafa sem starfa fyrir Kadeco. Stjórn þakkaði fyrir greinagóðar upplýsingar.

Guðmundur og Gréta yfirgáfu fundinn.

5. *Mission statement.*

Max Hirsh ráðgjafi kom inn á fund stjórnar. Max kynnti stjórn fyrir þeirri vinnu sem fram hefur farið, meðal annars heimsókn hans til Íslands og fundi með hagaðilum verkefnisins. Max sagði nauðsynlegt að finna strax út hverjar þarfirnar væru og væntingar til uppbyggingar svæðisins áður en frekari vinna væri unnin. Hann lagði ríka áherslu á að aðilar samstarfsins leggi fram sameiginlegt „mission statement“, að þróunarsvæði yrðu skilgreind og að verkefninu yrði gefið nafn.

Umræður.

Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

Max yfirgaf fundinn.

6. *Samsetning dómnefndar, samkeppnisform og kröfur til þátttakenda.*

Framkvæmdastjóri fór yfir tillögu að samsetningu dómnefndar fyrir hönnunarsamkeppnina, samkeppnisformið og þær kröfur sem gerðar verða til þátttakenda samkeppninnar.

Stjórn þakkaði yfirferðina og óskaði eftir minnisblaði frá framkvæmdastjóra fyrir næsta fund um þessi mál.

7. *Samningur við Bird and Bird.*

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um nýtt tilboð frá Bird and Bird. Stjórn samþykkti samninginn og fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

8. *Suðurnesjavettvangur og heimsmarkmiðin.*

Theodóra Þorsteinsdóttir, Isavia kom inn á fund stjórnar. Hún kynnti fyrir stjórn verkefnið Suðurnesjavettvangur, samvinna um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Verkefnið leggur upp með samvinnu sveitarfélaga, stofnana, fyrirtækja og annarra aðila á Suðurnesjum í að þróa sjálfbært samfélag á Suðurnesjum með heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna að leiðarljósi.

Stjórn þakkaði góða kynningu á verkefninu.

9. *Önnur mál.*

a. *Tilboð í breytingar á húsnæði Skógarbrautar 946.*

Framkvæmdastjóri kynnti tilboð ÍAV í breytingar á skrifstofum félagsins og óskaði eftir leyfi stjórnar til breytinga á húsnæðinu. Umræður.

Stjórn fól framkvæmdastjóra og stjórnarformanni að eiga samtal við ríkiseignir um framtíð eignarhalds húsnæðis Kadeco að Skógarbraut 946. Gera skal ráð fyrir fé til breytinga skrifstofu í rekstaráætlun 2021.

b. *Tilboð Atons í ráðgjöf*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn tilboð Atons í hugmyndavinnu og greiningu fyrir þróunarsvæðið. Stjórn samþykkti tilboð Atons í fyrirliggjandi vinnu.

c. *Samningur um fjölmiðlaráðgjöf.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn samning almannatengla varðandi fjölmiðlaráðgjöf. Stjórn samþykkti fyrirbyggjandi samning.

Engin önnur mál voru borin upp undir liðnum önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:30.

Undirritunarsíða

Steinunn Sigvaldadóttir

Ísak Ernir Kristinsson

Elín Árnadóttir

Einar Jón Pálsson

Reynir Sævarsson